


✉ Re: Vindorkugarður á Grímsstöðum í Meðallandi - beiðni um umsögn

Búið til	12.5.2021 16:14:39
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	12.5.2021 16:14:37
Tilheyrir	 202104-0032 - Vindorkugarður á Grímsstöðum í Meðallandi - beiðni um umsögn

Efni

Re: Vindorkugarður á Grímsstöðum í Meðallandi - beiðni um umsögn

Upplýsingar

Sent	12.5.2021 16:14:37	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is
Cc	Jakob.Gunnarsson@skipulag.is, Thorkell.L.Thorarinsson@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vindorkugarðs á Grímsstöðum í Meðallandi.

Í bréfi frá Skipulagsstofnun, dags. 16. apríl 2021, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun er varðar vindorkugarð á Grímsstöðum í Meðallandi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir tillöguna og veitir eftirfarandi ábendingar:

Í inngangi um tillögu að matsáætlun stendur: „*Fyrirtækið Qair Iceland ehf. áformar að reisa vindorkugarð á Grímsstöðum í Meðallandi, í Skaftárhreppi, með heildarafi í kringum 135 MW.*“ Um svæðið segir að „*Land Grímsstaða í Meðallandi nær yfir 1.622 ha svæði*“. Í framkvæmdalýsingu í kafla 3.2 er talað um að reisa eigi 24-30 vindmyllur og að afl hverrar vindmyllu verði 6 MW, samtals 144 MW fyrir 24 vindmyllur. Hér er ósamræmi í upplýsingum um áætlað afl milli kafla sem þarf að skýra.

Erindi: Vindorkugarður að Grímsstöðum, Meðallandi

Framkvæmdasvæðið

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 og ekki er til deiliskipulag fyrir framkvæmdasvæðið.

Eins og fram kemur í kafla 2.5 um verndarsvæði þá er landið Grímsstaðir innan stærra svæðis sem er „skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði (e. Important Birds Area) (IBA) og er talið alþjóðlega mikilvægt varpsvæði álfatar (1,1% af íslenska varpstofninum) og gulandar (3,8% af íslenska varpstofninum).“ Hér gætir misskilnings, um er að ræða vetrardvalarstað gulanda og því er átt við vetrarstofn.

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar þar sem landssvæði eru flokkuð með tilliti til þess hversu vel þau hæfa fyrir uppbyggingu vindorku. Mikilvæg fuglasvæði eru þar sett í flokk 2, svæði sem geta talist viðkvæm með tilliti til hagnýtingar vindorku. Vindorkukostir í þeim flokki eiga samkvæmt ákvæði frumvarps um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 sem einnig er nú í meðferð Alþingis, að fara til umfjöllunar og afgreiðslu hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar. Slík málsmeðferð myndi eiga við um vindorkukostinn á Grímsstöðum í Meðallandi.

Þá bendir Náttúrufræðistofnun á að áhrifasvæði framkvæmdar, sér í lagi möguleg lega tengingar úr safnstöð raforku við spennistöð Landsnets við Prestsbakka, mun ná yfir eldhraun sem fellur undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun, og einnig skarast við tillöguna „Steinsmýrarflóð-Grenlækur“ sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að verði á B-hluta náttúruminjaskrár vegna mikilvægra vistgerða þ.m.t. kaldra linda og votlendisvistgerða. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti heildarframkvæmdin þ.m.t. nauðsynleg tenging við flutningskerfi raforku að vera hluti af heildarmatinu en ekki er gert ráð fyrir því í matsáætlun.

Aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum

Matsáætlunin og aðferðafræði við einstaka rannsóknarþætti og endanlegt mat á áhrifum byggist að stórum hluta á erlendum fyrirmyndum, sérstaklega er varðar líffræðilega fjölbreytni. Til dæmis er stuðst við svokallaðan frammistöðustaðal 6 (PS6) sem Alþjóðalánastofnunin (International Finance Corporation) hefur útfært fyrir fjármálastofnanir, fyrirtæki og aðra aðila sem standa í stórfelldum framkvæmdum. Staðallinn fjallar sérstaklega um líffræðilega fjölbreytni, náttúrulegt umhverfi og náttúruauðlindir. Ekki er enn komin hefð fyrir notkun þessa staðals hérlendis og þar af leiðandi getur reynst erfitt að meta notkun hans í

samhengi þess matskerfis sem er innleitt í íslenskt regluverk um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Sé búist við aukningu í notkun slíkrar aðferðafræði, væri æskilegt að Skipulagsstofnun eða annar opinber aðili myndi útfæra leiðbeiningar um notkun þeirra hér á landi.

Í mjög ítarlegri umfjöllun um notkun þessarar aðferðafræði í matsáætluninni er nokkuð um sérkennilega hugtakanotkun og orðalag sem og óheppilegar þýðingar. Þetta getur því miður flækt fyrir skilningi og túlkun á lýsingum á aðferðum við rannsóknir og áhrifamat. Verðugt verkefni er að samræma þessa aðferðafræði og hugtakanotkun henni tengdri við núgildandi umhverfi regluverks, stjórnsýslu og faglegrar umfjöllunar héraðs og að sjálfsögðu uppfæra og bæta hið síðarnefnda eins og hæfir. Meðal annars þarf að greina hvernig slík aðferðafræði samræmist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands er varða líffræðilega fjölbreytni svo sem á vettvangi Samnings Sameinuðu Þjóðanna (Convention on Biological Diversity) og Bernarsamningsins. Náttúrufræðistofnun mælist til að íslensk stjórnvöld taki þetta til skoðunar.

Áætlun um mat á einstökum umhverfisþáttum

Í kafla 5.1 er fjallað um mat á áhrif á landslag og ásýnd. Stefnt er að landslagsgreiningu og mati á viðkvæmni og næmni landslagsheilda til að meta heildaráhrif framkvæmdar á landslag. Þá er gert ráð fyrir að leggja mat á þörf fyrir mótvægisáðgerðir. Þar sem um mjög stór mannvirki er að ræða og landslag einkennist af flatlendi og mikilli víðáttu, þ.e. lítið um hæðir eða önnur landslagsform sem geta skyggt á mannvirkin. Þannig að margar hefðbundnar mótvægisáðgerðir koma lítt til greina. Heppilegt hefði verið í matsáætlun að útskýra hvaða mótvægisáðgerðir verði skoðaðar og hvernig árangur þeirra verði metinn í ljósi aðstæðna.

Í kafla 5.3 er fjallað um mat á áhrif á hljóðvist. Náttúrufræðistofnun telur að til viðbótar við mat á áhrifum hljóðs frá vindmyllum á nálæga byggð ætti einnig að meta áhrif hljóðvistar á fugla og spendýr innan rannsóknarsvæðisins.

Í kafla 5.4 er fjallað um jarðmyndanir og vatnafar. Þar er talað um að „berggrunnurinn á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði [einkennist] af setlögum frá nútíma“. Náttúrufræðistofnun vill benda á að hér er verið að rugla saman berggrunni og jarðgrunni. Berggrunnurinn er fast berg en jarðgrunnurinn laust set. Óvissa er um gerð berggrunns á svæðinu sem er hulinn þykku seti og getur verið djúpt niður á hann. Við jarðfræðiathuganir á svæðinu mun það væntanlega koma í ljós. Fjallað er um að metin verði þörf á efni í vegi að vindmyllum og á milli þeirra sem og til grundunar fyrir vindmyllur, einnig hversu mikil efnisþörf er í verkið og hvaða efnisnámur verða nýttar. Þegar ákvörðun um efnistökuastaði verður tekin vill Náttúrufræðistofnun benda á að það nútímahraun sem finnst í nágrenninu nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, þ.e. Botnahraun sem er um 4500 ára gamalt og Skaftáreldahraunin frá 1783-84.

Í kafla 5.5 er fjallað um líffræðilega fjölbreytni. Þar er einkum stefnt að því að meta áhrif á gróður og fuglalíf. Varðandi áætlaðar gróðurathuganir vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi:

Þar sem vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar er ekki nægjanlega nákvæmt á framkvæmdasvæðinu ætti rannsóknin að leggja áherslu á að ákvarða staðsetningu og umfang mikilvægra vistgerða. Í umfjöllun um gróðurathuganir í undirkafla 5.5.2.2. er fjallað um gróðurlendi. Til að gæta samræmis er betra að vísa í vistgerðir t.d. þegar gert er grein fyrir plöntutegundum sem finnast í hverri vistgerð. Á mynd 5.3. eru merkt svokölluð „náttúruleg búsvæði“ en í myndatexta er talað um „staðsetningu úttektaarrita“. Þetta er óskýrt að mati Náttúrufræðistofnunar. Í fyrsta lagi er ekki minnst á þessa úttektaarriti í lýsingu á gróðurathugunum, eða hvaða athuganir verði framkvæmdar í þeim. Í öðru lagi er ekki vitað hvað er átt við með „náttúruleg búsvæði“ þegar viðfangsefnið er „vistgerðir“. Hér þarf að samræma betur mynd, myndatexta og texta í greinargerð og útskýra betur hvernig og hvers vegna þessir „úttektaarreitir“ voru valdir.

Áform um athuganir á fuglum eru umfangsmiklar. Framkvæmdaaðili hefur leitað til Náttúrufræðistofnunar og stofnunarinn veitt ráðgjöf varðandi nauðsynlegar fuglarannsóknir þ.m.t. talningar á vettvangi af ólíkum toga og ratsjarmælingar. Fyrirkomulagið við rannsóknir og gagnaúrvinnslu, eins og það er framsett í matsáætluninni, er í ágætu samræmi við þá ráðgjöf. Náttúrufræðistofnun vill þó benda á að það myndi styrkja þekkingargrunn um fuglalíf svæðisins að framlengja rannsóknartímann um hálf tveimur athugunartímabilum á fartíma að vori, eins og næst að hausti miðað við tímaáætlunina í töflu 5.3. Þannig minnka líkur á að óvenjulegt árferði hafi áhrif á niðurstöðurnar.

Undirkafla 5.5.2.6 ber heitið „Mat á vistgerðum í hættu“. Aðalviðfangsefni hans er tafla 5.4 sem einnig ber þetta heiti. Viðfangsefni töflunnar er þó fyrst og fremst umfjöllun um tegundir, aðallega fuglategundir og svo vistkerfi og lykilorðunarferli. Hér virðist hugtakanotkun hafa skolast eitthvað til, mögulega vegna þýðingar á erlendri fyrirmynd, og ástæða til að bæta. Í það minnsta á heiti undirkaflans og töflunnar ekki

við. Í töflunni er einnig vísað í lista IUCN. Innlendir og svæðisbundnir listar eru nefndir, en óljóst er hvort hér sé átt við valista Náttúrufræðistofnunar. Að mati Náttúrufræðistofnunar ættu valistar að vera útgangspunktur matsins.

Í undirkafla 5.5.2.7 er fjallað um áhrifamatið fyrir líffræðilega fjölbreytni. Þar segir að fjallað verði um „áhrif af völdum vindorkugarða og alls sem þeim fylgja (aðkomuvegir, vinnusvæði). Miðað við töflu 4.1. sem listar helstu framkvæmdahluta sem verða metnir með tilliti til umhverfisáhrifa, virðist þetta ekki eiga við um nauðsynlega tengingu á raflínu eða jarðstreng út af framkvæmdasvæðinu í tengivirki á Prestsbakka. Tengingin er óhjákvæmileg forsenda þess að vindorkuvinnsla geti átt sér stað á Grímsstöðum og því vill Náttúrufræðistofnun ítreka að eðlilegt hefði verið að rýna í áhrif hennar á fuglalíf og gróður einnig í þessu mati á líffræðilega fjölbreytni (sem og aðra áhrifaþætti svo sem landslag og jarðminjar).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda tillögu að matsáætlun en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Vindorkugarður á Grímsstöðum í Meðallandi - beiðni um umsögn
Date: 16.4.2021 13:18:52

Daginn

Sjá meðfylgjandi umsagnarbeiðni.

Kv. Gríma Eik

Gríma Eik Káradóttir
skjalavörður, teymi rekstrar og þjónustu / Archivist
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100

Grima.Eik.Karadottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)